

---

## Efnistaka í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit Álit um mat á umhverfisáhrifum

---

### 1 Inngangur

#### 1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 24. janúar 2022 lagði BM Vallá fram umhverfismatsskýrslu um efnistöku í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 1. mars 2022 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 1. mars til 12. apríl 2022 hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 1.2 Gögn

##### Framlögð gögn BM Vallá

Umhverfismatsskýrsla: Efnistaka í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit. Mat á umhverfisáhrifum. Umhverfismatsskýrsla. BM Vallá og Environice, janúar 2022.

BM Vallá lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu 23.2.2022.

##### Umsagnir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá: Minjastofnun Íslands 11. apríl 2022, Hvalfjarðarsveit 13. apríl 2022, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands 13. apríl 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 12. apríl 2022, Umhverfisstofnun 5. apríl 2022 og Vegagerðinni 9. mars 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá BM Vallá 6. maí 2022.

### 2 Framkvæmd

#### 2.1 Framkvæmdalýsing

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að vinna 2,5 milljónir m<sup>3</sup> af malarefni á næstu 30-40 árum í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit. Efnistaka hefur verið stunduð í námunni frá árinu 1954 og er fyrirhuguð framkvæmd framhald af þeirri vinnslu og stækkun á námunni. Áætlað er að búið sé að vinna um 455 þúsund m<sup>3</sup> af jarðefnum vegna fyrri vinnslu á um 6,5 ha svæði. Núverandi gryfja er um 18 metra djúp og ekki er gert ráð fyrir að vinna dýpra en það. Gert er ráð fyrir að starfsemin verði sambærileg því sem hún hefur verið undanfarin ár. Fyrirhuguð framkvæmd miðar að því að



unnið verði á 12,5 ha svæði og raskað svæði verði í heild um 19 ha að stærð. Að jafnaði er unnið í námunni frá byrjun apríl til loka nóvember ár hvert. Svæðið verður unnið á 30 m belti eða flekum, hverju sinni út frá núverandi námu. Vinnslusvæðið stækkar með þessu jafnt og þétt til norðausturs. Í upphafi er um það bil 40-70 cm jarðvegslag fjarlæggt og því komið fyrir í haug norðvestan við námuna og það síðan selt að mestu jafnóðum til annarra aðila sem fyllingarefni. Efnið úr námunni er losað úr stáli með gröfu og flokkað eftir stærð í hauga ofan í námunni sjálfri. Efnislagerinn sést ekki nema horft sé ofan í námuna næst henni. Í umhverfismatsskýrslu BM Vallár er að finna nánari upplýsingar um framkvæmdina.

Umferð frá svæðinu verður um Melasveitarveg og þaðan inn á Vesturlandsveg en ekki er gert ráð fyrir mikilli breytingu á umferðarþunga miðað við það sem nú þegar er orðið vegna efnisvinnslu síðustu ára.

Frágangur Skorholtsnámu mun fara fram jafn óðum og efnistöku líkur. Ekki er um endanlegan frágang að ræða því innkoma í námuna er sú sama allan vinnslutímamann og náman verður stækkuð út frá honum í áföngum til norðurs og norðausturs. Reynt verður eftir fremsta megni að ganga frá útjöðrum námunnar næst inngangi eftir því sem unnið er inn eftir námunni. Gæta á að yfirborð námubotnsins þar sem efnistöku er lokið sé sem sléttast og þéttast til að minnka líkur á foki, auðvelda umgengni um námuna og til að halda ásynnd hennar sem snyrtilegastri. Endanlega verður gengið frá námunni þegar efnistöku lýkur.

### 3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu BM Vallár eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð og óverulega neikvæð, engin áhrif, óverulega jákvæð, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 22–24 í umhverfismatsskýrslunni.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati BM Vallá á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu BM Vallár, umsögnum um hana og viðbrögðum BM Vallár við umsögnum.

#### 3.1 Jarðfræði og jarðmyndanir

##### 3.1.1 Mat BM Vallár

Í umhverfismatsskýrslu BM Vallár kemur fram að við efnistöku í námunni, sem sé í lausum setlögum, muni framkvæmdaraðili fjarlægja jarðefni og flytja í burt og verði áhrifin því varanleg og óafturkræf á þær jarðmyndanir. Hins vegar sé um algengar jarðmyndanir að ræða sem ekki hafi verulegt verndargildi. Fram kemur að þeim hafi jafnframt þegar verið raskað á svæðinu og sé það mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndanir verði óveruleg.

##### 3.1.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Um er að ræða varanlegt jarðefnanám sem felst í eyðingu jarðmyndunar án þess að unnt sé að bæta hana með einhvers konar endurheimt. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á mikið vísindalegt gildi setmyndana á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, sem mynduðust í síðjökultíma og eru hluti af mun stærri heild.

Jarðmyndanirnar innan framkvæmdasvæðisins njóta ekki sérstakrar verndar og hefur þeim nú þegar verið raskað á svæðinu í kring auk þess sem rask vegna fyrirhugaðrar efnistöku tekur til lítils hluta af setmyndunum frá síðjökultíma. Skipulagsstofnun telur því að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði nokkuð neikvæð.



## 3.2 Gróður og fuglalíf

### 3.2.1 Mat BM Vallár

Í umhverfismatsskýrslu BM Vallár kemur fram að á fyrirhuguðu efnistökusvæði sé að mestu ógrónir melar með lítilli gróðurþekju og umhverfi efnistökusvæðisins að mestu mótað af mannavöldum, s.s. með framræslu, túnrækt og beit. Svæðið sé skilgreint sem tún og akurlendi skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands og engar sjaldgæfar plöntutegundir sé þar að finna. Fuglalíf á efnistökusvæðinu sé ekki sérstakt að neinu leyti þar sem svæðið er ekki kjörlendi sem búsvæði fyrir fugla. Að framansögðu muni framkvæmdin hafa lítil sem engin áhrif á gróðurfar og fuglalíf innan efnistökusvæðisins.

### 3.2.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur verndargildi gróðurs á svæðinu ekki mikið. Jarðvegur er fremur rýr en engu að síður er um varanlegt rask á þeim gróðri sem þó er til staðar á svæðinu. Það er jákvætt að áfram eigi að nýta þann gróður og svörð sem tekinn er úr námunni. Lítið er um fuglalíf á svæðinu og ekki talið líklegt að búsvæðum fugla verði raskað með stækkun námunnar. Skipulagsstofnun telur framkvæmdina hafa óveruleg áhrif á gróður og fuglalíf.

## 3.3 Landslag og ásýnd

### 3.3.1 Mat BM Vallá

Í umhverfismatsskýrslu BM Vallár kemur fram að bein áhrif áframhaldandi efnistöku á svæðinu nái ekki yfir yfirgripsmikið svæði og sjónræn áhrif sökum efnistöku á svæðinu séu nú þegar að miklu leyti komin fram en muni aukast við fyrirhugaða efnistöku á stærra svæði. Jarðvegsmön muni hindra sýn að námusvæði úr flestum áttum, en þó sé naman sýnileg þegar horft sé að vestan frá Melasveitarvegi og austur eftir aðkomuvegi námunnar. Einstök tæki og vinnuvélar geta verið sýnileg þar sem tækin séu stundum staðsett uppi á gryfjubarminum. Efnistökusvæðið muni ekki bera við himin og er mikilvægt að takmarka sjónræn áhrif framkvæmdar með því að koma í veg fyrir uppsöfnun jarðefna, en landeigandi hefur að jafnaði selt talsvert af yfirborðsefni sem haugsett er norðvestan við námuna. Efnislager námunnar er staðsettur ofan í gryfjunni og því alla jafna ekki sýnilegur heldur.

Framkvæmdaraðili telur sjónræn áhrif vera staðbundin og varanleg en með þeim mótvægisáðgerðum sem farið verði í verði áhrif á landslag og ásýnd óveruleg.

#### Vöktun og mótvægisáðgerðir

Mótvægisáðgerðir felast í áætlun um frágang þar sem felst í því að svæðið falli sem best að umhverfi sínu. Þannig að það verði án áberandi stalla og manngerðra forma.

### 3.3.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar felist í sjónrænum áhrifum. Fyrir liggur að önnur náma er við hliðina á Skorholtsnámu, Bakkanáma, og því eru áhrif á ásýnd að nokkru leyti komin fram, sú náma er einnig að stækka. Svæðin kunna því samanlagt að hafa víðtækari áhrif á ásýnd svæðisins og verða meira áberandi. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun að það sé jákvætt að halda áfram efnistöku á þessu svæði í stað þess að hefja efnistöku á nýju svæði annars staðar. Gryfjan verður ekki dýpkuð frekar ofan í jarðlögin með mögulegum mengunaráhrifum á grunnvatn, heldur unnin á 30 metra svæðum í einu í norðaustur. Gryfjan mun því tvöfaldast að stærð. Náman mun áfram verða lítt sýnileg nema frá allra næsta nágrenni hennar og mun t.a.m. ekki koma til með að sjást frá þjóðvegi 1. Með hliðsjón af ofangreindu og í ljósi þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru fram í umhverfismatsskýrslunni telur



Skiptingastofnun að áhrif á landslag og ásýnd séu líkleg til að verða nokkuð neikvæð. Skiptingastofnun telur að samlegðaráhrif fyrirhugaðra efnistökusvæða með Bakkanámu m.t.t. ásýndar kunni að verða nokkuð neikvæð þar sem um er að ræða talsvert stærra svæði samanlagt sem verður raskað.

### 3.4 Loftgæði

#### 3.4.1 Mat BM Vallá

BM Vallá telur fok ekki hafa verið vandamál til þessa. Ekki er gert ráð fyrir því að það breytist með áframhaldandi vinnslu í námunni. Engu að síður gæti reynst nauðsynlegt að grípa til mótvægisáðgerða, svo sem með rykbindingu á aðkomuvegi og öðru yfirborði þar sem jarðvegur er laus í sér. BM Vallá leggur einnig upp með að yfirborð efnishauga verði ekki hærra en yfirborð landsins í kring þannig að hætta á foki verði sem minnst. Geyma eigi efnislager námunnar niðri í námugígnum öllum stundum.

#### 3.4.2 Umfjöllun Skiptingastofnunar

Skiptingastofnun telur að þar sem Skorholtsnáma sé unnin í gryfju og efnislager rísi ekki upp fyrir umhverfi námunnar þá sé ólíklegt að jarðefnafoks muni gæta að einhverju marki. En auðvelt sé að rykbinda yfirborð eða jafnvel stöðva vinnslu tímabundið í verstu veðrum. Skiptingastofnun telur áhrif efnistökkunnar á loftgæði vegna jarðefnafoks verða óveruleg.

## 4 Skipulag og leyfi

Í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 er gert ráð fyrir efnistöku í landi Skorholts. Í aðalskipulaginu kemur fram að áætlað er að taka um 500-800 þúsund m<sup>3</sup> af efni á 4,8 ha svæði. BM Vallá hyggst vinna allt að 2.5 milljón m<sup>3</sup> af efni á 19 ha svæði til a.m.k. ársins 2050. Nýtt aðalskipulag er í vinnslu fyrir Hvalfjarðarsveit þar sem gera á betur grein fyrir námunni.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið en Skiptingastofnun mælir með því að unnið verði deiliskipulag fyrir námusvæðið að öðrum kosti þarf í framkvæmdarleyfi að koma skýrt fram hvaða skilmálar munu gilda fyrir námusvæðið og frágang þess að starfsemi lokinni.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Þá er framkvæmdin háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna vinnslu jarðefna skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

## 5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skiptingastofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu BM Vallá um efnistöku í Skorholtsnámu sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skiptingastofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu BM Vallá eru kynnt áform um áframhaldandi efnistöku í Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit, sem hefur verið nýtt í áratugi. Sjónræn áhrif efnistökkunnar verða nokkuð neikvæð en staðbundin, sökum stærðar námunnar og því mikla svæði sem þar á að raska auk samlegðaráhrifa með núverandi Bakkanámu og fyrirhugaðri aukningu á efnistöku úr þeirri námu. Þar sem svæðið er niðurgrafið og í hvarfi frá fjölförnustu stöðunum í kring, mildar það ásýndaráhrifin að einhverju leyti. Nær öll vinnsla fer fram niðri í gryfju og gryfjubarmarnir virka sem skermun vinnslusvæðisins. Áhrif á jarðmyndanir verða nokkuð neikvæð þar sem um varanlega



eyðingu jarðefna er um að ræða, þær njóta þó ekki sérstakrar verndar og þeim hefur nú þegar verið raskað á þessu svæði. Áhrif vegna foks í og við námusvæðið verða takmörkuð með kynntum mótvægisáðgerðum. Framkvæmdin hefur óveruleg áhrif á gróður og fuglalíf þar sem um sé að ræða efnistöku í gróðurlitlum mel með lítilli jarðvegsþekju og fremur fábreyttu fuglalífi, sem er sambærilegt við það sem gerist umhverfis námuna.

Reykjavík, 18. maí 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir